



Markaðsstofa Norðurlands  
NORDURLAND.IS

## Starf Flugklasans Air 66N 1. okt. 2022 – 30. apríl 2023

Hér verður gerð grein fyrir því helsta í starfi Flugklasans Air 66N undanfarna mánuði.

### Markaðssetning

Flugklasinn hefur tekið þátt í fjölmögum ferðasýningum og vinnustofum undanfarið til að kynna nýjar flugleiðir.

Sýningar þar sem Flugklasinn hefur átt fulltrúa:

- World Travel Market í London í nóvember
- Vakantiebeurs, stærstu ferðasýningunni í Hollandi í janúar
- Mannmót í Reykjavík í janúar
- Mid-Atlantic í Reykjavík í janúar
- NordEuropa, rafraen sýning í febrúar með þátttakendum frá mörgum Evrópulöndum
- ITB í Berlín, stærsta ferðasýning í heimi.

Vinnustofur sem Flugklasinn hefur sótt:

- Bercelona, Madrid og Valencia í október
- New York, Seattle og Los Angeles í október
- Rafræn vinnustofa fyrir Ítalíu og Frakkland í nóvember
- Amsterdam og Brussel í nóvember
- París og Mílanó í mars

Almennt hafa fengist góð viðbrögð frá ferðaskrifstofum á þessum viðburðum. Áhuginn á Íslandi virðist vera til staðar sem aldrei fyrr og sífellt fleiri aðilar hafa áhuga á Norðurlandi sem áfangastað. Vonir standa til að hægt verði að virkja þennan áhuga til þess að styðja undir aukið millilandaflug beint til Akureyrar. Stærsti flöskuhálsinn fyrir ferðaskrifstofur núna er að erfitt að er að fá gistingu yfir hásumarið á vinsælustu áfangastöðunum á Norðurlandi. Það er ljóst að með auknu millilandaflugi mun eftirspurn eftir gistrími á Norðurlandi halda áfram að aukast.

Móttaka blaðamanna er nú sem fyrr mikilvægur liður í starfi Flugklasans. Hér má sjá yfirlit yfir heimsóknir blaðamanna síðustu mánuði:

- Í október komu áhrifavalldarnir Jason Hill og Emile í heimsókn norður. Verkefnið unnið að frumkvæði Íslandsstofu.



Markaðsstofa Norðurlands  
NORDURLAND.IS

- Voigt Travel sendi two blaðamenn til Norðurlands í mars, sem dvöldu hér í nokkra daga.
- Í byrjun mars fóru fram upptökur á stórum sjónvarpsþætti sem sýndur verður í Hollandi. Þátturinn verður sýndur næsta haust og er með vinsælli sjónvarpsþáttum þar í landi - áætlað áhorf er um 700.000 manns. Flugklasinn studdi við þessa framleiðslu, bæði með vinnuframlagi og fjármunum.
- Tveir danskir blaðamenn komu í mars og skrifuðu um Demantshringinn. Komu með beinu flugi frá Kaupmannahöfn, unnið í samstarfi við Niceair.
- Flugklasinn tók þátt í verkefni með Íslandsstofu og Icelandair, þar sem áhrifavaldurinn Rúrik Gíslason ferðaðist um Norðurland. Upptökur stóðu yfir í mars og uppskeran var mikið af góðu vetrarefni sem birtist á miðlum allra sem að því stóðu.

Flugklasinn tók virkan þátt í móttöku fulltrúa ferðaskrifstofa á tímabilinu (FAM ferðir)

- Í febrúar komu 4 ferðaskrifstofur frá Hollandi í heimsókn til Norðurlands
- Flugklasinn kom að heimsókn frá Svissnesku ferðaskrifstofunni Kontiki í mars
- Flugklasinn tók á móti hollenskri ferðaskrifstofu í mars, sem horfir einkum til skíða og annarra vetraríþróttar.
- Í lok mars komu fulltrúar 13 íslenskra ferðaskrifstofa í heimsókn til Norðurlands. Hluti af heimsókninni var að taka þátt í hinni árlegu Skíðaferð - þar sem heimsótt eru 4 skíðasvæði á einum degi.

Efnisframleiðslu var haldið áfram á tímabilinu. Til viðbótar við það efni sem varð til við heimsókn Rúriks, þá var bætt myndarlega við myndbankann. Meðal efnistaka voru fjöll, skíðasvæði, norðurljós og fleira tengt vetrarafþreyingu. Einnig var lokið við vinnslu á myndbandi fyrir matarverkefnið Bragð af Norðurlandi.

## Flugfélög/Ferðaskrifstofur

Undanfarið hefur verið sett áhersla á þýskalandsmarkað í starfi Flugklasans, m.a. vegna áforma bæði Niceair og Condor um beint flug frá Þýskalandi. Niceair hugðist hefja flug til Dusseldorf í maí og þýska flugfélagið Condor stefndi einnig að áætlunarflugi frá Frankfurt til Akureyrar (og reyndar Egilsstaða líka) frá maí til október næsta sumar. Öllum þessum áformum hefur nú verið frestað, a.m.k. um ár, en Flugklasinn hefur ekki staðfestar upplýsingar um hvort og þá hvenær þessi áform fara aftur í gang.

Mikil óvissa ríkir um framtíð Niceair þegar þetta erritað og því alls óvist með þeirra áform. Niceair stöðvaði alla starfsemi sökum þess að félagið misstí flugvélina sem það var með á leigu frá Hifly. Er það mikil synd, þar sem flugið til Kaupmannahafnar var að ganga vel og nýbúið að tilkynna um að flogið yrði þrisvar í viku yfir sumarið, í stað tveggja vikulegra ferða. Einnig hafði Tenerife flug félagsins verið vinsælt og búið að



Markaðsstofa Norðurlands  
NORDURLAND.IS

tilkynna um nýjan sólar-áfangastað fyrir sumarið, Alicante. Félagið hafði þó frestað áformum um flug til Dusseldorf, og ekki var enn komin heimild til áætlunarflug til Bretlands.

Flugklasinn lagði mikla vinnu í undirbúning að fyrirhugðu flugi Condor frá Frankfurt næsta sumar. Búið var að setja upp drög að blaðamannaferðum og FAM ferð fyrir ferðaskrifstofur, leggja fram ýmis aðstoð varðandi markaðsefni o.fl. Fulltrúi Flugklasans fór í heimsókn til Condor í janúar til þess að styrkja samstarfið og efla tengsl, og heimsótti einnig þýska ferðaskrifstofu sem er einn af þeirra stærstu samstarfsaðilum. Það var því ekki skortur á stuðningi frá Flugklasanum sem varð til þess að Condor hætti við flug í sumar – frekar það að Condor hefði þurft að vinna sína heimavinnu betur. Talsmenn Condor töluðu eins og félagið vildi fresta sínum áformum um eitt ár, og hefja þá flugferðir næsta vor. Flugklasinn mun halda sambandi við Condor og yta á eftir ákvörðun um mögulegt flug á næsta ári.

Norðaustur verkefnið (e. Nature Direct), sem er samstarfsverkefni Íslandsstofu, Isavia, Markaðsstofu Norðurlands (Flugklasans) og Austurbrúar um markaðssetningu alþjóðaflugvallanna á Akureyri og Egilsstöðum, er í fullum gangi. Hópurinn sem stendur að verkefninu átti góðan vinnufund nú í apríl til þess að ræða stöðuna, stilla saman strengi og setja markmið fyrir starfið næstu mánuði. Auðvitað eru vonbrigði að missa bæði fyrirhuguð flug frá Niceair og Condor, en í öllum áföllum felst lærðómur og tækifæri. Hópurinn mun nýta þann lærðóm sem draga má af atburðum síðustu mánaða til frekari sóknar.

Vinna með Voigt Travel heldur áfram. Fyrsta flug vetrarins frá Amsterdam lenti á Akureyri 10. febrúar og eru bókanir þennan veturinn betri en í fyrra. Sama má segja með bókanir fyrir sumarflug Voigt Travel. Flugklasinn tók í febrúar á móti fulltrúum frá fjórum ferðaskrifstofum í Hollandi, og einni í lok mars, sem hafa áhuga á að nýta flugferðir Voigt Travel beint til Akureyrar. Það myndi styrkja grundvöll fyrir áframhaldandi flugferðum Voigt Travel og vonandi fjölga þeim í framtíðinni. Einnig tók Flugklasinn þátt í Summer Eventí mars – sem er viðburður í Hollandi sem Voigt Travel heldur fyrir núverandi og verðandi viðskiptavini. Viðburðurinn tókst vel og það er ljóst að markaðsstarf Voigt Travel er að skila sér í aukinni vitund og áhuga á Norðurlandi.

Svissneska flugfélagið Edelweiss hyggst fljúga beint frá Zurich til Akureyrar frá 7. júlí – 18. ágúst í sumar. Fulltrúi Flugklasans fór í heimsókn til Edelweiss í janúar til þess að styrkja samstarfið og efla tengsl. Heimsóknin gekk vel og Edelweiss sér mikil tækifæri í því að fljúga til tveggja áfangastaða á Íslandi, en flugfélagið hefur verið að auka umsvif sín í Keflavík undanfarin misseri. Zurich er frábær tengiflugvöllur og það er hægt að kaupa í einum miða beint flug frá Akureyri til allra áfangastaða Edelweiss, Swiss air og Lufthansa út frá Zurich – og auðvitað virkar það í báðar áttir. Þessi áfangastaðir skipta hundruðum og eykur þetta möguleika fyrir Norðurland að ná að tengjast mörkuðum fjær okkur (t.d. í suður Evrópu) með þessari tengingu í gegnum Zurich.

Svissneska ferðaskrifstofan Kontiki hefur endurvakið áform um vetrarflug til Akureyrar næsta vetur. Áformað er að Kontiki standi fyrir amk. 6 vikulegum flugferðum frá Sviss næsta vetur. Þau sendu hingað starfsfólk í mars til undirbúnings og einnig fólk til að taka upp myndefni til að nota í markaðsstarfi.



Markaðsstofa Norðurlands  
NORDURLAND.IS

Icelandair ákvað seint í haust að fresta áður tilkynntum áformum um tengiflug milli AEY og KEF. Flugin áttu að hefjast í vor, en núna er stefnt að því að þessi tengiflug hefjist vorið 2024. Flugklasinn fagnar áformunum, en það er vissulega óheppilegt að vera að tilkynna svona nýjungar en draga þær svo til baka. Ekki er komin dagsetning á upphaf þessara tengifluga, en vonandi verður það áður en langt um líður svo fólk og ferðaskrifstofur geti farið að bóka þetta með góðum fyrirvara.

Í viðbót við ofangreint er verið að vinna á fleiri mörkuðum að því að fá inn beint áætlunarflug. Fulltrúi Flugklasans átti m.a. fund í mars með ferðaskrifstofu í Bretlandi sem er áhugasöm um beint flug til Akureyrar. Flugferðir Super Break sýndu á sínum tíma að Bretar eru tilbúnir að heimsækja Norðurland yfir veturinn og Flugklasinn mun halda áfram að leggja áherslu á að koma á fót beinu flugi frá Bretlandi.

## Innra starf

Flugklasinn og MN héldu ráðstefnuna „Stefnum á Norðurland“ fimmtudaginn 24. nóvember í Hofi á Akureyri. Á ráðstefnunni voru kynntar niðurstöður greiningar KPMG á þörf fyrir gistirými á Norðurlandi á næstu árum, sérstaklega með tilliti til aukinna umsvifa flugfélaga um Akureyrarflugvöll. Auk þess voru haldin erindi um fjárfestingu og uppbyggingu í ferðaþjónustu á Norðurlandi og markaðssetningu áfangastaðarins gagnvart erlendum flugfélögum. Nokkur norðlensk ferðaþjónustufyrirtæki sögðu frá sínum fjárfestingum og verkefnum sem eru í bígerð.

Tilgangur ráðstefnunnar var m.a. að vekja athygli á þörf á aukinni fjárfestingu í greininni og hvetja fjárfesta og fyrirtæki til að nýta tækifærið sem felst í mikilli eftirspurn eftir áfangastaðnum. Ráðstefnan var mjög vel sótt og þótti takast vel, en upptökur frá ráðstefnunni má finna á heimasíðu MN.

Flugklasinn hefur undanfarið átt samtöl og samvinnu við ýmsa aðila í stjórnerfinu til að vinna verkefninu framgang. Að sjálfsögðu Íslandsstofu og Isavia, en einnig ráðuneyti ferðamála, SAF, Ferðamálastofu, Íslenska Ferðaklasann og fleiri aðila. Þessi vinna er mikilvæg til að tryggja sýnileika verkefnisins, auka skilning á því, ryðja úr vegi hindrunum og fá fleiri með okkur í lið.

Framkvæmdir á flughlaðinu á flugvellinum ganga samkvæmt áætlun, þannig að nýtt flughlað ætti að vera tilbúið fyrir lok sumars. Flugstöðin verður hins vegar ekki tilbún þá eins og til stóð vegna seinkana á afhendingu á stálgrind. Flugstöðin ætti að vera tilbún um mitt ár 2024 eins og staðan er núna.



Markaðsstofa Norðurlands  
NORDURLAND.IS

## Hvað er fram undan?

Flugklasinn mun halda áfram markaðssetningu til ferðaskrifstofa. Annars vegar með því að sækja sýningar og vinnustofur sem eru fram undan, og hins vegar með því að halda áfram beinni sókn á ferðaskrifstofur til að setja upp annaðhvort leiguflug eða styðja við áætlunarflug beint til Akureyrar. Almenn markaðssetning heldur einnig áfram með hefðbundnum hætti, sem og framleiðsla og birting á nýju efni.

Áframhaldandi vinna á vettvangi Nature Direct er framundan. Fulltrúar verkefnisins munu sækja flugráðstefnuna Routes Europe í maí, en það er einn besti vettvanguinn til þess að ná samtali við flugfélög um möguleika á beinu millilandaflugi.

Flugklasinn mun halda áfram samtarfi við Voigt Travel og Kontiki vegna flugferða þeirra til Akureyrar í sumar og næsta vetur. Einnig liggur fyrir vinna með Edelweiss og í undirbúningi er blaðamannaferð í maí í tengslum við fyrstu flug félagsins frá Zurich til Akureyrar í sumar.

Flugklasinn mun fylgjast með framgangi mála varðandi stækkan flugstöðvar og flughlaðs á Akureyrarflugvelli og veita aðhald þar, ásamt því að halda áfram að þrýsta á stjórnvöld til þess að koma á jöfnun/niðurgreiðslum vegna hærra verðs á flugvélaeldsneyti á Akureyri en í KEF og RVK.

Akureyri, 30. apríl 2023

Hjalti Páll Þórarinsson

Verkefnastjóri Flugklasans Air 66N